

GJALDSKRÁ

um fráveitugjald í Svalbarðsstrandarhreppi.

1. gr.

Fráveitugjald.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Svalbarðsstrandarhrepps sem liggja við vegi eða opin svæði, þar sem holræsalagnir fráveitu hreppsins liggja, skal greiða árlega fráveitugjald og skal því varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu hreppsins.

Eigendur fasteigna sem ekki eiga þess kost að tengja húseign sína við fráveitu hreppsins eru undanþegnir fráveitugjaldi.

2. gr.

Álagning fráveitugjalds.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa.

3. gr.

Hundraðshluti fráveitugjalds af álagningarstofni.

Af öllum fasteignum, sem eru fráveitugjaldsskyldar skv. 1. gr., skal greiða fráveitugjald, sem nemur 0,15% af álagningarstofni skv. 2. gr.

Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald.

Sveitarstjórn er heimilt fyrir eitt ár í senn að hækka eða lækka fráveitugjaldið um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytis.

4. gr.

Um gjalddaga.

Gjalddagar fráveitugjald skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu fráveitugjalds hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

5. gr.

Ábyrgð á greiðslu gjalds.

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu gjalds samkvæmt gjaldskrá þessari. Fráveitugjald má innheimta með lögtaki og er það tryggt með lögveðsrétti í fasteign eiganda næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Svalbarðsstrandarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 16. febrúar 1995.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.